

HBFR2HB05 (HBF103)

Heilbrigðisfræði

Í áfanganum er lögð áhersla á hlutverk og sögulega þróun heilbrigðisfræðinnar og áhrif hennar á nútíma heilbrigðismál. Fjallað er um heilbrigðishugtakið, helstu heilbrigðisvandamál í nútíma samfélagi og forvarnir. Nemendur fræðast um algenga sjúkdóma og slys í nútíma samfélagi, orsakir þeirra, áhættuþætti, og forvarnarstarf og hvernig þeir geta sjálfir haft áhrif á eigið heilbrigði. Fjallað er um skipulag og stofnanir heilbrigðisþjónustunnar. Að auki fá nemendur fræðslu um kynsjúkdómavarnir, tóbaksvarnir, áfengis- og vímuefnavarnir og geðvernd. Fjallað er um umhverfisheilbrigðisfræði, umhverfismengun og rætt um tengsl mengunar og sjúkdóma. Gerð er grein fyrir helstu flokkum örvera, smitleiðum sýkla og vörnum gegn sýkingum.

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og almenns skilnings á:

- heilbrigðishugtakinu
- ábyrgð einstaklingsins á eigin heilsu
- sögulegri þróun heilbrigðisfræði og áhrifum á heilbrigðismál
- helstu heilbrigðisvandamálum í nútíma samfélagi og forvörnum gegn þeim
- uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi
- aðferðum og aðgerðum sem stuðla að heilsuefningu og forvörnum sjúkdóma
- helstu umhverfispáttum sem ógnað geta heilbrigði

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna í verki að hann tekur ábyrgð á eigin heilsu
- lýsa uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi
- afla á fjölbreyttan hátt þekkingar um aðgerðir og aðferðir sem stuðla að slysavörnum, heilsuefningu og forvörnum sjúkdóma
- gera grein fyrir umhverfispáttum sem geta ógnað heilbrigði manna

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra heilbrigðishugtakið út frá mismunandi menningarheimum
- greina samspil lífsstíls og heilsu
- greina eigin lífsstíl og áhættuþætti tengda honum
- álykta um áhrif heilbrigðisfræðinnar á þróun heilbrigðismála í nútímanum
- miðla á skapandi hátt upplýsingum um helstu heilbrigðisvandamál og forvarnir þeirra

Námsmat

- Símat, leiðsagnarmat, hlutapróf. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni: bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni og mikil áhersla er lögð á umræður og virkni í tímum.